

## L Ö G

39

29. marz

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda.  
og héraðsnefnda.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hver sóknarmaður, karl og kona, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, hefur kosningarrétt á safnaðarfundum og er kjörgengur til sóknarnefndar.

## 2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

40

29. marz

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

a. Ákvæði 5. töluliðs 2. gr. laganna falla niður.

b. Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um leyfi til fasteignasölu, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

## 2. gr.

a. Í 1. málsg. 10. gr. laganna breytast orðin „1.—5.“ í: 1.—4.

b. Ákvæði 2. málsg. 10. gr. laganna falli niður.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*